

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Fundargerð 31.fundar verkefnahóps BsVest haldinn mánudaginn 27. ágúst 10:00. Fundurinn var símafundur.

Mætt voru til fundar Sif Huld Albertsdóttir formaður, Guðný Hildur Magnúsdóttir, Hildur Jakobína Gísladóttir og Margrét Geirsdóttir í gegnum fjarfundarbúnað. Aðalsteinn Óskarsson afboðaði sig á fundin og því ritaði Sif Huld fundin. Elsa Reimarsdóttir mætti ekki.

Formaður setti fundinn og gengið til dagskrár sem send var í tölvupósti 23. ágúst s.l.

1. Ársskýrsla BsVest 2012.

Formaður fór yfir efni ársskýrslu og óskaði eftir ábendingum. Skýrslan verður lögð fyrir ársfund BsVest sem haldinn er samhliða 58. Fjórðungsþingi Vestfirðinga þann 30. og 31. ágúst n.k.

2.

Lagt fram erindi frá Ísafjarðarbæ vegna umsóknar um 27. gr. Styrkur til náms, tækja og verkfærakaupa.

Samkvæmt 2 gr. reglna BsVest um styrk til náms, tækja og verkfærakaupa á umsækjandi ekki rétt á stuðningi vegna aldurs.

Að skoðuðu máli telur verkefnahópur að veita skuli undanþágu að þessu sinni vegna aldurs umsækjanda og tekna foreldra. En um leið leggur verkefnahópur til að viðmiðunarreglur 27 gr. verði endurskoðaðar áður en styrkir verða auglýstir fyrir árið 2013.

Bókað: Verkefnahóp samþykkir styrkfjárhæð 100.000 kr.

3. Lagt fram erindi frá Ísafjarðarbæ: *Ósk um framlag til greiðslu mismunar á leigu á almennum leigumarkaði og leigu Húsbyggingarsjóðs Þroskahjálpar.*

Margrét rakti forsendur Ísafjarðarbæjar um uppbyggingu á sérhönnuðu leiguhúsnæði fyrir fatlaða einstaklinga í Ísafjarðarbæ. Að mati Ísafjarðarbæjar er mikil þörf fyrir leiguhúsnæði í dag fyrir fatlaða einstaklinga og væri sú þörf viðvarandi þótt til lengri tíma væri litið.

Sveitarfélagið hefur óskað eftir að Húsbyggingarsjóður Þroskahjálpar byggi sérhæft húsnæði á Ísafirði og hefur verið tekið jákvætt í það erindi. Sett er það skilyrði að aðilar gefi út viljayfirlýsingu um framkvæmdina sem m.a. feli í sér tryggingu á leiguverði á forsendum nýbyggingarkostnaðar á sérhæfðu húsnæði. Leiguverð á sérhæfðu húsnæði yrði að mati Ísafjarðarbæjar á ársgrundvelli um 4,3 m. kr. hærra en gerist hjá Fasteignum Ísafjarðarbæjar. Sveitarfélagið óskar eftir BsVest tryggi Ísafjarðarbæ greiðslur sem nemur þessari fjárhæð auk vísitölu, miðað er við að húsnæði yrði tilbúið til útleigu á árinu 2016.

Bókað: Verkefnahópur leggur til við stjórn BsVest að erindi Ísafjarðarbæjar verði samþykkt.

4. Upplýsingar varðandi framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Margrét ásamt formanni tóku upp til umræðu: einstaklings- og þjónustueiningatöflur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna fjármagns fyrir árið 2013 þar sem fram koma kostnaðartölur við hvern einstakling. Töflurnar eru forsendur þess að framlög frá jöfnunarsjóði skili sér til félagsþjónustu sveitarfélagana. Veruleg seinkunn hefur verið á málunum hjá öllum aðilum og því þarf að vinna hratt og vel og tryggt sé að allar forsendur við þjónustu við umbjóðendur séu til staðar hjá hverju félagsþjónustusvæði fyrir sig.

Minnt á að næsti fundur verkefnahóps verður fimmtudaginn 12. september og mun það verða snertifundur.

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11.05.